

AFSTÖÐUMYND.
1 : 500

BYGGINGARLÝSING
Fjölbýlishús
Hádegisskarð 16
mhl. 01-04
Landnúmer: L225467

Almenn lýsing:
Hádegisskarð 16 er fjölbýlihús á einni hæð sem stallast niður í lóðinni með 6 íbúðum. *Skipting íbúða eru 3 stk 2ja* herbergja, 2 stk 3ja herbergja og 1 stk 4ra herbergja. Inntaksrými eru í hverri íbúði . Aðalinntakstými /tæknirými er staðsett á jarðhæð í mhl. 03.
Húsin eru timburhús unnin úr innfluttum einingum. Klædd álklæðningu og timbri að hluta skv. skipulagsskilmálum og með gras þaki.
Hvert hús er misstórt í fermetrum, sjá meðfylgjandi skráningatöflu fyrir húsin og teikningu fyrir hvern mathsluta.
Lóð verður að mestu leiti og eins og hægt er haldið óraskaðri. Vegna legu lóðar er unnið með stoðveggi og grjót úr lóðinni notað til landslagshönnunar. Öll hús hafa svalir í suður og sameiginlegt útisvæði.
Hjóla/vagna geymsla er fyrir allar íbúðir á lóðinni í mhl. 03.
Einingarnar eru framleiddar af vottuðum aðila og er allt efnisval vottað og CE merkt. Einingarnar koma á verkstað fullbúnar og samettar.

sjá frekari útreikninga í skráningatöflu

Heildarstærðir brúttó Flatarmál 361m² auk sameiginlegs rými = Rúmmál 1210,5m3 =

Lóðarstærð: 1608,3 m²
Nýtingarhlutfall: 0,224 hámarksnýtingarhlutfall er 0,51 skv skilmálum

Gert er ráð fyrir að lágmarki einu bílastæði á íbúð á lóð þar af tvö fyrir hreyfihamlaða, skv. Grein 6.2.4 . Bílastæði eru malbikuð en hellulögð að hluta.
Bílastæði eru í götu fyrir framan og aftan hús skv. Deiliskipulagi
Aðkoma að húsinu er að norðanverðu og sunnanverðu. Aðkoma sjúkrabíla og slökkvibíla er að norðanverðu og sunnanverðu húsinu. Hleðslustöð er við bílastæði skv. Ákvæðum í reglugarð.
Samkvæmt skipulagi er affalsvatn notað til upphitunar á bílastæðum.
Í vistgötum er gert ráð fyrir bílastæðum samsíða götu, í svo til gerðum vösum sem eru gegndræp. Einnig eru stæði við enda botnlanga í Hádegisskarði, Vikursskarði og Drangsskarði. Auk þess eru bílastæði við gatnamót Bjargsskarðs og Drangsskarð

Undirstöður:
Eru steyptar, 200mm staðsteyptar og 100mm einangrun við sökkla.
Botnplata Er timburplata og uppbyggð eftirfarandi, 16mm parket með undirlagi, 22mm OSB plata, 244mm timbureiningar með steinull á milli, 9mm cembrit klæðning
Útveggir eru timburveggir , uppbyggðir á eftirfarandi hátt: EI-60
Útveggir eru byggðir upp úr 44x144mm grind sem er einangruð með 145mm Paroc eXtra steinull. Að utanverðu er grunnmin klæddur með 9 mm OSB/3 plötum ásamt Tyvek soft vindvarnarlagi. Loftunargrind er standandi 21x44mm c/c 600mm og liggjandi neglingargrind 21x44mm c/c. Klæðning eru timbur og álklæðning í ljósgráum og dökkgráum lit. Að innanverðu er rakavarnarlag og 44x44mm lagnagrind fyllt með 42mm Paroc extra steinull. Lagnagrindin er svo klædd með gifsi.

Léttir veggir milli íbúða eru:
EI-90 uppbygging er eftirfarandi. Timburveggur, klæðning í flokki 1, 2x13mm gifsklæðning, lagnagrind, rakavarnalag,94mm einangrun og grind, OSB plata, 30mm loftunarbil, OSB plata, 94mm einangrun og timburgrind, rakavarnalag, lagnagrind, 2x13mm gifsklæðning og klæðning í flokki 1. Í votrýmum er klæðning og gifs vatnsvarið.
Léttir innveggir:
Timburrammi 44x120 ásamt 120mm Paroc extra steinull. Klæddir með gifsi og dúklagðir. Vatsnvarið efni í votrými
Þak:
er byggt upp með 69x219mm timburramma einangruðum með Paroc extra steinull sem er víruð upp með 2mm vír ca c/c300 með áföstum vindþappa. Ofan á rammann verður Tyvek pro vindvarnarlag, 44x44mm loftunargrind, 21mm grenikrossviður og tvöfaldur soðinn Icopal pappi. Fyrir neðan rammann verður rakavarnarlag og lagnagrind 21x44mm klædd með gifsi. Þakhalli er sýndur á teikningu fyrir hvern matshluta fyrir sig.
Skal loftunarop inn og út úr hverju loftbili vera minnst 1.000 mm² fyrir hvern m² þakflatar . Þak er grasklætt með lyngþökum
Þakkantar eru álklæddir og þakrennur og þakniðurföll úr áli í lit í samræmi við utanhúsklæðningu. Niðurföll eru innfelld í veggi skv. skipulagsskilmálum
Gluggar og hurðir:
Eru úr timbri. Gluggar verða í dökkgráum lit í RAL litakerfi að utan en hvítir að innan. Gluggar eru vottaðir af Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Gler sem er nær gólfi en 600mm er úr hertu gleri. Hurðir eru timburhurðir með gleri í. Sparklisti eru úr áli. dökklitar skv. RAL litakerfi
Svalir: Eru byggðar upp með CLT (krosslímt timbur) klæddar timbri að ofan en Timbursúlur eru undir svölum þar sem *þörf er á og svalahandrið er stálrammi klæddur timbri og stáli að hluta. Efri brún handriðs er 1100mm.* Skv. *Reglugerð* 6.5.1. & 6.5.2

Einangrun allra byggingarhluta, þ.e. gerð hennar og þykkt svo og reiknað einangrunargildi hvers einstaks byggingarhluta
Kólnunartölur:
Heildarleiðnitap byggingar verður innan marka byggingarreglugerðar. Hámarks U-gildi byggingarhluta verða í samræmi við töflu í gr. 180.3 í byggingarreglugerð. Sjá útreikninga í viðhengi á tölvutæku formi

Reiknað U-Gildi byggingarhluta mathsluta 01
Gluggar 1,3 W/m²K
Hurðir 2,1 W/m²K
Kjallaraveggir að jarðvegi 0,25 W/m²K
Útveggur einangraður í grind 0,22 W/m²K
Botnplata 0,13 W/m²K
Timburþak 0,19 W/m²K
Reiknað vegið meðaltal
Vegið meðaltal veggja/glugga/hurða 0,42 W/m²K
Reiknað varmatap á m² húss
Varmatap á brúttó m² húss 1,03 W/m²K

Reiknað U-Gildi byggingarhluta matshl. 02
Gluggar 1,3 W/m²K
Hurðir 2,1 W/m²K
Kjallaraveggir að jarðvegi 0,25 W/m²K
Útveggur einangraður í grind 0,22 W/m²K
Botnplata 0,13 W/m²K
Timburþak 0,19 W/m²K
Reiknað vegið meðaltal
Vegið meðaltal veggja/glugga/hurða 0,40 W/m²K
Reiknað varmatap á m² húss
Varmatap á brúttó m² húss 1,13 W/m²K

Reiknað U-Gildi byggingarhluta matshluta 03
Gluggar 1,3 W/m²K
Hurðir 2,1 W/m²K
Kjallaraveggir að jarðvegi 0,25 W/m²K
Útveggur einangraður í grind 0,22 W/m²K
Botnplata 0,13 W/m²K
Timburþak 0,19 W/m²K
Reiknað vegið meðaltal
Vegið meðaltal veggja/glugga/hurða 0,42 W/m²K
Reiknað varmatap á m² húss
Varmatap á brúttó m² húss 1,27 W/m²K

Reiknað U-Gildi byggingarhluta eining 04
Gluggar 1,3 W/m²K
Hurðir 2,1 W/m²K
Kjallaraveggir að jarðvegi 0,25 W/m²K
Útveggur einangraður í grind 0,22 W/m²K
Botnplata 0,13 W/m²K
Timburþak 0,19 W/m²K
Reiknað vegið meðaltal
Vegið meðaltal veggja/glugga/hurða 0,39 W/m²K
Reiknað varmatap á m² húss
Varmatap á brúttó m² húss 0,80 W/m²K

Öll mál eru í mm. Mælið ekki af teikningum. Öll mál athugist á staðnum. Ósamræmi í teikningum og vafaatriði skal tilkynna arkitektum strax.

Framleiðandi sér til að allt lagnaefni uppfylli 120.1 mg. byggingareglugerðar.
Skólplagnir. Útloftunarpípur mega vera úr polyproylen. Allt efni og allur frágangur skal uppfylla IST 68.
Vatnslagnir.
Allar lagnir liggja í gólfplötu eða lagnastokkum. Við öll hreinlætistæki skulu vera stoppkranar.
Blöndunartæki í sturtum skulu vera hitastýrð til að tryggj að hitastig fari ekki yfir 55°. Öll hreinlætistæki skulu uppfylla kröfur sem gerðar eru til hreinlætistækja í flokki 1. Efni og frágangur í samræmi við ÍST 67.
Ofnar skulu framleiddir skv. IST EN 442
Upphitun
Upphitað með ofnakerfi/gólfhita og reiknað út af verkfræðing. Handklæðaofn í blautrými. Valdir ofnar skulu framleiddir skv. ÍST EN 442. Ofnalagnir skulu vera samkv. DIN 2440, efni st. 33-2 skv. DIN 17100 og eða þunnveggja stálrör. Pípur og pípuefni skal einangra með 15mm steinullahólkum með áföstum trefjastyrktum áldúk eða sambærilegu. Ekki má nota plastvafning, plastbönd eða annað brennanlegt. Valdir ofnar skulu framleiddir skv. ÍST EN 442
Inntök og lýsing lagnaleiða: Inntök eru í hverri íbúð.
Öll rými eru nátturulega loftræst nema annað sé tekið fram og þá með vélrænni loftræsingu. Merkt LR á teikningum. Varmaskiptir er á heitu neysluvatni við inntak. Hringrásar lögn og dæla á heitu neysluvatni til að tryggja að hitastig í lögn sé á bili 60°C til 65°C.

Lagnir í gólfplötu skulu vera úr krossbundnu HD Polytehylen (PEX) skv. DIN 16892/3 með súrefnisvörn eða sambærileg. Hlýfðarrör skulu vera úr Polyethylen.
Lagnir upp að húsi og tæki skulu verar úr krossbundnu Poyethylen samkvæmt DIN 16892/3
Valdir ofnar skulu framleiddir skv. ÍST EN 442
Loftræsing. Loftræst er frá öllum gluggalausum rýmum (LR) eins og reglugerð kveður á um.
Vélræn loftræsing frá eldhúsi og baðherbergjum allra íbúða skv . gildandi reglugerð. Loftræsirör skulu almennt tekin upp úr þaki.

BRUNAVARNIR
Eftirfarandi brunavarnalýsing er gerð af Brunahönnun í febrúar 2019 fyrir Hádegisskarð 16, Lausnir eru almennt skv. forskriftarákvæðum byggingarreglugerðar nr. 112/2012 og 350/2013 með síðari breytingum og tilgreyndum tækniskiptum. Ekki er um að ræða frekari brunahönnunarskýrslu.
Flokkun og notkun byggingar
Byggingin er í notkunarflokki 3 skv. byggingarreglugerð.
Brunahólfun
Hver íbúð er sér brunahólf með REI90 veggjum milli íbúða.
Bil á milli húsa (tækniskipti): Þar sem fjarlægð milli húsa er minni en 6 metrar eru útveggir a.m.k. EI60 og klæðning í flokki 1 innan 6 metra (ásamt loftræstu bíli). Valdar hurðir og gluggar eru skildgreindir EW30 á svæðum þar sem hætta er að talin á eldsútbreiðslu milli húsa. Miðaða er við að eldverja geisla inna við 45°horn frá gluggum og hurðum.
Burðarvirki
Brunamótstaða aðalburðarvirkja er a.m.k. R60 og R60 í þaki.
Þak er a.m.k. REI60.
Klæðningar
Klæðningar eru skv. ÍST EN 13501.
Innanhúsklæðningar eru í flokki 1 og gólfefni í flokki G. Utanhúsklæðningar eru ýmist í flokki 1 & 2.
Frávik og tækniskipti: Þök eru grasklædd sem uppfyllir ekki að vera þakklæðning í flokki B(roof) (t2). Þetta telst ásættlanegt þar sem útveggjaklæðning er vel slitin frá þakklæðningunni með óbrenanlegum flasninningum á þakköntum. Grasklæðning er því ekki talin auka hættu á útbreiðslu milli brunahólfa.
Flóttaleiðir
Frá íbúðum eru tvær óháðar flóttaleiðir beint út auk BO frá svefnherbergjum.

Reykskynjarar
Gert er ráð fyrir stökum reykskynjurum, að lágmarki einum skynjara fyrir hverja 80m2
Loftræsikerfi
Loftræsikerfi er sjálfstætt fyrir hverja íbúð og því ekki þörf á sérstökum brunavörnum í loftræsikerfum.
Reyklosun
Reykræsing er almennt um glugga og hurðar.
Slökkvitæki
Slökkvitæki skv. ÍST EN 3, skulu vera í hverri íbúð. Til dæmis 6L léttvatn.
-BO = Björgunarop
-R = Reykskynjari
-ST= Slökkvitæki

Hljóðvist.
Kröfum um hljóðvist verður fullnægt í samræmi við Byggingarreglugerð nr. 112/2012: 11. hluta Hljóðvist - með síðari tíma breytingum, ásamt viðeigandi stöðlum, leiðbeiningum og reglum sem þar er vísað í. Lágmarksgæði hljóðvistar eru þar skilgreind sem hljóðflokkur C í staðlinum ÍST 45:2016.
Hljóðstig frá umferð um Hádegisskarð og Drangsskarð hefur verið áætlað um LAeq,24h = 40 *dB(A) sem er vel innan marka reglugerðarinnar.*
Hljóðeinangrun milli íbúða verður tryggð með tvöföldum veggjum með aðskildum veggjagrindum.
Komið verður í veg fyrir hjáleiðslu hljóðs milli íbúða með sértækum útfærslum.
Nánari aðgerðum og útfærslum verður lýst í sérstakri greinargerð um hljóðvist.

Algild hönnun: Miðað er við algilda hönnun þar sem því er komið við á miðað við legu lóðar.
Stærðir íbúða uppfylla þá kröfu skv. reglugerð.
Upphitun er við gangleið frá bílastæði og að útidyrahurð. Þröskuldur við útihurð og aðra útganga uppfylla hæðatakmörkun vegna aðgengis.
Greið leið er frá bílastæði.
Bygginging er sveigjanleg til að uppfylla kröfur um algilda hönnun. Til að mynda færsla á léttum veggjum og smávægilegum breytingum á innréttingum.
Með minni innréttingum á baðherbergi og eldhúsi er hægt að koma fyrir snúningshring hjólastóls eins og teikning sýnir. Sturta er þreplaus og salerni er staðsett þannig að hægt sé að taka niður sturtugler og hafa hengi og þá er pláss fyrir 900mm frítt rými við hlið salernis. Snúningshringur er *við sturturými.*
Hurð á baðherbergi geta opnast út.
Á tveim stöðum á göngum er rými fyrir snúningshring.
Hurða breiddir við svalir og aðkomu hurð uppfylla kröfu gr.6.4.2 auk innihurða.
Hindrunarlaus umferðarbreidd allra dyra í byggingum þar sem krafist er algildrar hönnunar er a.m.k. 0,80 m x 2,00, Í öðrum byggingum er lágmarksbreidd. Innihurðir í húsinu eru allar 2200mm á hæð
Hurðir eru þröskuldslausar nema við útihurðir þar er þröskuldur ekki hærri en aðgengiskröfur segja til um.
Þar sem við á er miðað við fría fjarlægð við úthverfu 300mm og innhverfu 500mm. Sjá teikningu.
Frágangur lóðar og sorp.
Lóð er skilað sem náturulegastri með grasflötum á suðurhliðum. Stoðveggir verða á lóðum. Tröppur og rampar verða skv. reglugerð og hægt er að ganga frá suðri til norðurs. Svalir og pallar afmarka sérafnotareit.
Bílastæði eru malbikuð. Hellulagt er frá bílastæði að aðkomuhurðum.
Við hús er ekki heimilt að reisa girðingu, afmörkun skal vera með gróðri.
Girðingar eru almennt ekki leyfðar á lóðamörkum við opin, óbyggð svæði.
Öll mannvirki eða gróður í lóðarmörkum eru háð samþykki lóðarhafa aðliggjandi lóðar.

Meðhöndlun sorps
Lögð er áhersla á vistvænt umhverfi og flokkun á sorpi. Tryggja skal flokkun á öllu almennu heimilissorpi. Horfið er frá því að hvert og eitt hús sé með sínar sorptunnur, þess í stað eru djúpgámar staðsettir í vistgötum, þar sem gert er ráð fyrir flokkun á sorpi. Íbúar í hverri götu fyrir sig eiga sameiginlega lóð þar sem djúpgámar eru staðsettir. Sameiginlegu lóðinni og þeim kostnaði sem frá henni mun stafa skal skipta með hlíðsjón af fjölda íbúða/eignarhluta í götu. Hafnarfjarðarbær hefur umsjón með tæmingu gáma.

Við Drangskarð er 108,7m2 lóð sem áætlar 9 djúpgáma og við Hádegisskarð er 105,3m2 lóð sem áætlar einnig 9 djúpgáma

Allar innréttingar eru framleiddar af vottuðum og viðurkenndum aðila.
Verkið skal vinna að öllu leyti í samræmi við núgildandi byggingareglugerð og reglugerðir um brunavarnir .

Samþykkt þann
13. mars 2019
Byggingafulltrúinn í Hafnarfirði

12.03.2019
GILDIR AÐEINS FYRIR HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Útg.	Skýring / Breyting.	Dags.	Teiknað	Yfirfarið

VERKKAUPI / EIGANDI
HÁDEGISSKARÐ 16
TEGUND VERKS

AÐALUPPDRÁTTUR
AÐALUPPDRÁTTUR
BYGGINGARLÝSING
AFSTÖÐUMYND

LANDNÚMER:	L225465
STAÐGR.:	1400-1-
MHL:	01-4
MKV.:	1:100, 1:500
BLAÐSTÆRÐ:	A2
ÚTGÁFA DAGS:	12.11.2018
TEIKNAÐ:	SBJ

301- - 01
VERKNR. RAÐNR. ÚTGÁFA

SVAVAJÓNS
ARKITEKTÚR & RÁÐGJÖF
Svava Björk Jónsdóttir
kt. 2812782239
S: 8999958 | svavajons@svavajons.com

ÖLL AFNOT OG AFRITUN TEIKNINGAR AÐ HLUTA EÐA Í HEILD ER HÁÐ SKRIFLEGU LEYFI HÖFUNDA